



## Fundargerð

58. fundur sjálfbærnisráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Tjarnargötu 12  
26. febrúar 2025, kl. 08:15

Viðstaddir: Guðný Birna Guðmundsdóttir formaður, Guðni Ívar Guðmundsson, Hafsteinn Hjartarson, Hjörtur Magnús Guðbjartsson og Þórunn Kristín Jónsdóttir.

Að auki sátu fundinn Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærnisfulltrúi, Silja Kolbrún Skúladóttir fulltrúi ungmennaráðs og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Athena Júlía Józefudóttir boðaði forföll og sat Hafsteinn Hjartarson fundinn í hennar stað.

Sjálfbærnisráð samþykkir að taka málið Aðlögunaraðgerðir vegna loftslagsbreytinga (2022110136) á dagskrá. Fjallað verður um málið undir dagskrárlíð 5.

\* \* \*

### 1. Kosningar og fyrirkomulag (2024010180)

Unnið áfram í undirbúningi næstu kosningaskýrslu sem snýr að bættri kosningaþátttöku. Sjálfbærnisráð hefur sent erindi til ungmennaráðs og öldungaráðs Reykjaneshæjar til samráðs.

### 2. Samræmd flokkun starfsstöðva Reykjaneshæjar (2023110097)

Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærnisfulltrúi fór yfir stöðu flokkunar á starfsstöðvum innan Reykjaneshæjar. Ljóst er að flokkun er ekki samræmd milli stofnana Reykjaneshæjar sem þarf að laga þar sem sveitarfélaginu ber lagaleg skylda til flokkunar á sorpi samkvæmt reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023 auk laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.

Sjálfbærnisráð telur nauðsynlegt að sveitarfélagið tryggi að allar stofnanir Reykjaneshæjar uppfylli kröfur laganna um samræmda flokkun og farið verði í heildarútböð á flokkunarilátum bæði innan- og utanhúss í stofnunum. Málinu er vísað til bæjarráðs.

### 3. Lýðræðisstefna Reykjaneshæjar (2023030124)

Áframhaldandi vinna við lýðræðisstefnu.

### 4. Fjármál sjálfbærnisráðs (2024050440)

Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærnisfulltrúi fór yfir stöðu þeirra verkefna sem eru í gangi.

### 5. Aðlögunaraðgerðir vegna loftslagsbreytinga (2022110136)

Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærnisfulltrúi gerði grein fyrir stöðu styrkumsóknar til LIFE-ICENAP vegna innleiðingar aðlögunaráætlunar Íslands vegna loftslagsbreytinga.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:50.